

Skýrsla formanns fyrir starfsárið 2023-2024.

FEBSELaðalfundur haldinn 7. mars 2023. Stjórnina skipa: Sigríður Ólafsdóttir, Þóra Einarsdóttir, Ragnheiður Haraldsdóttir og Stefán Bergmann. Varamenn eru: Inga Hersteinsdóttir og Helgi Hjaltason. Frá þeim tíma og til aðalfundarins nú 29. febrúar 2024 hefur stjórnin haldið 11 fundi þar sem málefni eldri borgara hafa verið rædd og ýmislegt gert til að reyna að hafa áhrif á umræðu og gerðir í þágu eldri borgara í bæjarfélagi okkar. Leitast hefur verið við að hafa gott samstarf við þá aðila sem starfa með eldri borgurum og hafa t.d. bæði Kristín Hannesdóttir og formaður Öldungaráðs Hildigunnur Gunnarsdóttir setið stjórnarfundum okkur til upplýsingar.

FEBSEL og BÓKASAFN SELTJARNARNESS hófu samstarf á vormánuðum 2023. Fyrst voru haldin **tvö snjalltækjanámskeið** þar sem kennarar frá Proment sem styrkt var af stjórnvöldum og því ókeypis fyrir félagsmenn, kenndu fólki á símana sína og hvernig þeir gætu aukið möguleikana með notadrjúgum öppum. Áhugi virðist vera á áframhaldandi aðgengi að slíkri kennslu og leitum við úrræða, en stjórnvöld hættu að styðja við verkefnið síðastliðið vor.

FYRIRLESTRARÖÐ: Þrír fyrirlestrar hafa verið haldnir í bókasafninu um málefni eldri borgara. **1.** Dr. Páll J. Línadal, umhverfissálfræðingur talaði fyrir eftirsóknarverðu umhverfi fyrir eldri borgara þar sem kom fram að „öryggi“ er efst á blaði í öllum rannsóknum um málefnið og tók hann sem dæmi um búsetuúrræði umhverfið hér kringum Skólabrautina sem honun leist vel á. **2.** Dr. Pálmi Jónsson, lyf- og öldrunarsérfræðingur talaði um farsæla öldrun, hvað bæri að gera og hvað að varast til að halda færni sem lengst og svo hvernig hann sæi fyrir sér að heilbrigðiskerfið brigiðist við síauknum fjölda aldraðra í framtíðinni. **3.** Elín Sigrún Jónsdóttir lögmaður með áratuga reynslu af ráðgjöf til aldraðra í erfða- og fjármálum, fræddi okkur um þau mál og benti okkur á góð úrræði um lífeyris- og skattamál, svo og um erfðaskrár. **4.** fyrirlesturinn er svo í undirbúningi og fyrirhugaður í byrjunapríl á bókasafninu.

Samvinnan við Bókasafn Seltjarnarness (Kristín Arnþórsdóttir) hefur verið afar góð og starfsfólkið allt að vilja gert til að koma til móts við okkur. Umhverfið er hlýlegt og viðmótið gott svo möguleikinn á fjölbreyttari samveru er mikill. Talað hefur verið um lestrarklúbba, listtengd námskeið og listvinaklúbb, tafl og bridge svo dæmi séu tekin.

GÖNGUKLÚBBUR GRÓTTU hóf starfsemi sína 5. maí í fyrra. Gengið er frá félagsheimili Gróttu kl. 10:30 á föstudagsmorgnum. Eftir góðan göngutúr er svo sest saman og spjallað yfir kaffi og veitingum frá **BJÖRNSBAKARÍI**. Tekið var gott sumarfrí en þráðurinn tekinn upp aftur í haust. Þátttaka er minni yfir kaldasta tímann. Við í stjórn FEBSEL höfum talað um hvort hægt væri að taka upp fjölbreyttara samstarf við Gróttu um hreyfingu fyrir eldri borgara eins og svo mörg sveitafélög hafa stuðlað að í anda „Gottað eldast“ og „Bjartur lífstíll“ þar sem samvinna íþróttafélaganna og félaga eldri borgara er í fyrirrúmi. Fyrirhugað er að biðja um



fundmeð stjórnendum Gróttu til að kanna málið. Bæjaryfirvöld gerðu áframhaldandi samning til 2ja ára við **JANUSARVERKEFNIÐ**.

NÁMSAÐSTOÐ Í MYRÓ: Samvinna komst á milli Ingu Hersteinsdóttur stjórnarmanns í FEBSEL og Grunnskólanna á Nesinu um að Inga ásamt sjálfboðaliðum frá Félagi eldri borgara á Seltjarnarnesi tækju að sér að aðstoða þá nemendur sem það vildu og/eða þyrftu með námið, einu sinni í viku á bókasafni skólanna. Inga hafði reynslu af álíka verkefni frá Rauða krossinum í Reykjavík og vildi að þessi aðstoð væri veitt hér á Nesinu líka. Verkefnið er hafið og lofar góðu.

FEBSEL sendi tvo fulltrúa (Sigríði Ólafsdóttur og Kristbjörgu Ólafsdóttur) á **Landsfund LEB** sem haldinn var í Borgarnesi 09.05.23. Fundurinn var haldinn undir kjörorðinu „Við bíðum ekki lengur“, en kjaramál eldri borgara og skerðingarmál tóku drjúgan tíma en afrakstur þeirra mála birtist í kjaramálastefnu LEB nú í vetur og ákalls til allra verkslýðsfélaga að taka málefni eldri borgara með í kjarabaráttuna og að samningaborðinu svo þeir sætu ekki alltaf eftir í lífsgæðakapphaupinu. Auk kjaramálanna var heilsuátakanu „Gott að eldast“ gerð góð skil á fundinum. Nokkrir **Zoom-fundir** hafa verið haldnir á árinu á vegum **LEB** þar sem formenn allra FEB-félaga á landinu hittast og bera saman bækur sínar. Oft eru þessir fundir fróðlegir og upplýsandi um mismuninn á aðstöðu fólks á landsbyggðinni og þeirra er búa á höfuðborgarsvæðinu. Í gegnum Zoom hafa líka verið sóttar ráðstefnur t.d. í Ráðhúsinu um fyrirhugaða **Lífsgæðakjarna** í Reykjavík 27.09.23 og um **launa- og kjaramál** 02.10.23, sem var framlenging á kjaramálaumræðunni á Landsfundinum frá því í vor.

ÖLDUNGARÁÐIÐ hélt aðeins tvo fundi á þessu tímabili. Nýtt öldungaráð var skipað eftir kosningar. Formaður Hildigunnur Gunnarsdóttir. Frá **FEBSEL** eru fulltrúar: Þóra Einarsdóttir, Sigríður Ólafsdóttir og Kristbjörg Ólafsdóttir. Stjórn FEBSEL sendi bréf með 6 áhersluatriðum til formanns Öldungaráðs **24.10.22**. Allt atriði mjög áriðandi fyrir eldri borgara. Við bréfinu var brugðist með Öldungaráðsfundi **31.01.23**. Vel var tekið í bréf okkar, nokkur atriði tekin út til frekari vinnslu innan bæjarins og ákveðið að taka upp regluleg fundarhöld í ráðinu, fjórir fundir á ári eins og tíðkaðist fyrir Covid. Stjórn FEBSEL hélt áfram að vinna í málunum og sendi annað bréf til formanns Öldungaráðs **24.03.23** þar sem upplýsingum um stöðu mála á Skólabraut 10 var komið á framfæri og ósk um að yfirvöld fylgdust með framgangi mála með tilliti til eldri borgara. Auk þess var farið yfir aðstöðu fyrir félagsstarf eldri borgara og áréttað mikilvægi þess að við kæmum að umræðu og ákvarðanatöku um okkar málefni. Öldungaráðsfundur var boðaður **24.04.23**. Þar var lýst yfir ánægju Öldungaráðs yfir að samstarf við Gróttu væri að hefjast. Minnst aftur á sum atriðin í bréfi okkar frá því í október 2022 og ekkert gerðist, engin svör, engar athuganir og engin vinna lögð í málina af bæjarins hálfu. Síðan leið árið og engir fundir voru boðaðir frekar hjá Öldungaráðinu. Sem sagt 2 fundir í stað 4 sem bókaðir voru á áætlun í upphafi árs.

Stjórnin sendi enn eitt bréfið til formanns Öldungaráðs með cc á bæjarstjóra og sviðsstjóra fjölskyldusvið **25.01.24**. Í bréfinu var tíundað hvað FEBSEL hefur aðhafst í áðurnefndum málaflokkum og kom þar fram að að hálfu bæjarins hafa yfirvöld aðeins staðið fyrir framlengingu Janusarverkefnisins um 2 ár. Fundur var boðaður

13.02.24. Þar sem ráðinu var tilkynnt að bæjarstjórn hefði ákveðið að efna til stefnumótunar í málefnum eldra fólks og skyldi fjölskyldusvið skipa nefndarmenn 5-7 talsins. Tekið var fram að verkefnið væri **ófjármagnað**. Engin vinna virðist hafa verið lögð í hugmyndina hingað til og meira að segja óvissa um viðeigandi samsetningu manna í nefndina. Þó kom fram að FEBSEL fengi 1 fulltrúa. Sigríður, Kristbjörg og Ragnheiður sátu þennan fund af hálfu FEBSEL og lögðu áherslu á það að:
stefnumótuninni yðri að fylgja mælanleg aðgerðaráætlun og ábyrgð starfsfólks á framgangi mála.

Á fundinum kom fram að fjármagni hafi verið veitt í viðhald á húsnæðinu á 1. hæð á Skólabraut 5 og yrðu þær hafnar hið fyrsta. Ekki fylgdu með upplýsingar um hvað yrði um aðstöðuna til félagsstarfs á meðan á viðhaldi stæði.

Fyrirspurn kom frá okkur um óheyrliga hækkun fasteignagjalda bæði í fyrra og svo aftur í ár eða samtals 30% yfir þetta tímabil. Meðallaunavísitala hefur hækkað sama tímabil um 18.1%. Þór bæjarstjóri upplýsti að afsláttur væri veittur til þeirra sem hefðu lágar tekjur og reglur þar að lútandi væru á heimasíðu bæjarins. Þar kemur fram að hafi hjón 9.400.000 (783.000/392.000 pr. mán) í árstekjur er afsláttur 0, og einstaklingur sem hefur 6.450.000 (537.500 pr. mán.) á ári er afslátturinn 0. Annar fundur hjá Öldungaráði hefur ekki verið ákveðinn.

Í **Forvarnarnefnd** situr Sigríður Ólafsdóttir að hálfu FEBSEL. Ný forvarnarstefna er í mótnun fyrir bæinn og í fyrsta sinn á að taka tillit til forvarna fyrir eldri borgara. Nefndarstarfið gekk vel í byrjun, en seinni hluta árs og fram að þessu ekkert verið að fréttu.

Á þessum aðalfundi munum við kjósa til stjórnar eftir nýjum kosningalögum sem samþykkt voru á síðasta aðalfundi 2023. Aðalmenn og varamenn skulu kosnir til 2ja ára og formaður til eins árs. Tveir stjórnarmenn hafa óskað eftir því að hætta. **Þóra Einarisdóttir** sem starfað hefur að málefnum eldri borgara á Seltjarnarnesi sleitulaust um áratuga skeið. Til margra ára sem starfsmaður bæjarins og svo í nefndum og ráðum bæjarins sem koma að málefnum eldri borgara æ síðan. Vill stjórn FEBSEL þakka Þóru samvinnuna og sérstaklega fyrir óeigingjarnt starf í okkar þágu. **Ragnheiður Haraldsdóttir** hefur verið ritari stjórnar FEBSEL í tvö ár en stígur nú til hliðar þar sem önnur verkefni kalla. Stjórnin vill þakka henni kærlega fyrirsamstarfið og óskum við þeim báðum velfarnaðar í framtíðinni.

Seltjarnarnesi 19.02.2024.

F.h. stjórnar Félags eldri borgara Seltjarnarnesi

Kristbjörg Ólafsdóttir, formaður.